

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Laugavegi 7 • 3. hæð • 101 Reykjavík

Sími: 552 2720 • Fax: 552 2721 • e-mail: icehr@humanrights.is

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Í Félagsmálasáttmála Evrópu, 13. grein, alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 9. grein og Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, 22. grein, er rétturinn til félagslegs öryggis og aðstoðar skilgreindur sem réttur einstaklingsins.

Skerðing þessa réttar á grundvelli hjúskaparstöðu samræmist því ekki ákvæðum alþjóðlegra mannréttindasamninga.

Mannréttindaskrifstofan mælist til þess að ofangreint frumvarp til laga verði samþykkt og sú skerðing á réttindum lífeyrisþega, sem er í andstöðu við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á sviði mannréttinda, verði afnumin.